



## GRÆNA ORKAN

### Stjórnarfundur Grænu orkunnar 4.12.2020

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-9:45**.

Fundinn sátu Ágústa Loftsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Benedikt Stefánsson, Bjarni Freyr Guðmundsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Margrét Þórólfsdóttir og Sigurður Ástgeirsson. Auk þeirra voru Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir, sem ritaði fundargerðina.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar  
Engar athugasemdir bárust.
2. Málefnavinna starfsársins 2020-2021
  - a. Umsögn BGS og SAF um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Mál nr. 231/2020  
SAF og BGS sendu í nóvember erindi til FJR varðandi breytingar á vörugjöldum og niðurfellingu virðisaukaskatts fyrir tengiltvinnbíla og fleira. Gildistími ýmissa ívilnana hefur nú þegar verið framlengdur. SAF og BGS hafa einnig farið þess á leit við stjórnvöld að mótað verði umhverfi fyrir skammtímahvata sem stuðningur við bílaleigur til að ná markmiði um hlutfall vistvænna bíla fyrir árin 2021 (5%) og 2025 (20%) og óska þess að Græna orkan lýsi yfir stuðningi vegna þessa. Bílaleigur þurfi auknar ívilnanir bæði vegna innkaupa á bifreiðum en einnig vegna innviðaupbyggingar. GVS mun senda tillögu að stuðningsbréfi til stjórnar fljótlega eftir stjórnarfund.
  - b. Stuðningur við rafbíla og fjárfestingu bílaleiga í vistvænum ökutækjum  
Rætt í samhengi við lið a) hvort bílaleigur þurfi áframhaldandi hvata til innkaupa á tengiltvinnbifreiðum næstu ár og hvort ívilninir fyrir bílaleigur skuli sérstaklega eyrnamerkar hreinum rafbílum. Tengiltvinnbílar teljast mikilvægt milliskref á milli þess að fara úr jarðefnaeldsneytisbílum og yfir í hreina vistvæna bíla og aðilar innan ferðaþjónustgeira meta það svo að stuðningur vegna innkaupa á þessum bifreiðum sé nauðsynlegur næstu 4-5 árin þó svo almenningur hafi í meira mæli kosið hreina nýorkubíla undanfarin ár.
  - c. Aðgerðaáætlun um orkuskipti – staða og aðkoma GO  
Aðgerðaáætlun um orkuskipti verður endurskoðuð næsta vor. AMK mun senda stjórn fyrri aðgerðaáætlun og tengd gögn í kjölfar fundar til undirbúnings.
  - d. Eldsneytisskýrsla ANR, GO og SI – staða og aðkoma GO

Tafir hafa orðið á vinnu skýrslunar vegna mannbreytinga. SI vinna nú að því að koma verkefninu af stað á ný og gera ráð fyrir að það klárast fyrir sumar 2021.

ESG nefndi verkefni á vegum ANR sem er í startholunum en það felst í samantekt á stöðu landtenginga í öllum íslenskum höfnum.

- e. Sviðsmyndagreining vistvænna orkugjafa fyrir sjávarútveg – staða  
Verkefni þetta er í höndum DNV GL í samstarfi við Faxaflóahafnir og SFS.  
Gert ráð fyrir að því ljúki á fyrri hluta 2021.

### 3. Starfsmarkmið GO fyrir árið 2021

BS reifaði hugmyndir um að stjórnin mótaði 3-4 yfirmarkmið fyrir starf Grænu orkunnar næsta árið og tengdi við þau aðgerðir sem styðja við og stuðla að vinnu að markmiðum, t.d. skila nýrri aðgerðaáætlun. AMK mun safna tillögum frá stjórn og minna á skil fyrir 11. desember.

### 4. Viðburðir 2020-21

Á síðasta stjórnarfundu voru eftirfarandi umfjöllunarefni nefnd:

- Rafeldsneyti –Hvað er efst á baugi t.d. í Noregi
- Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum – seint 2021
- Loftslagsbreytingar og aðgerðir hafna
- Orkusjóður – staða uppbyggingar og úthlutun styrkja til rafhleðsluinnviða
- Raforkuspá og eldsneytisspá (útgáfa fyrir jól 2020)
- Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021

Ákveðið að næstu viðburðir árið 2021 verði

Seint í **janúar**: kynning á Nordic Innovation og ESB köllum.

**Febrúar**: rafeldsneytisframléiðsla á Norðurlöndum

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd á fundinum.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 14. janúar 2021.